

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2019  
UST201812-141/R.K.  
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Framleiðsluaukning og stækkun - Fiskeldi á Núpum. Viðbótarumsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er viðbótarumsagnar Umhverfisstofnunar í ljósi viðbótarupplýsinga frá rekstraraðila Samherja hf. dags. 6. febrúar sl. Fyrri niðurstaða stofnunarinnar í umsögn, dags. 11. janúar sl., var að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif framleiðsluaukningarinnar til að geta tekið afstöðu til matsskyldu. Með hliðsjón af viðbótarupplýsingum frá rekstraraðila veitir stofnunin nú viðbótarumsögn.

Ráðgert er að stækka framleiðslu laxa- og/eða bleikjuseiða úr 150 tonnum/ári í 300 tonn/ári en hámarkslífmassi á hverjum tíma verður ekki meiri en 120 tonn á hverjum tíma.

**Svör rekstraraðila**

**Innsetningar og standandi lífmassi**

Í svari rekstraraðila má sjá yfirlit innsetningar kviðpoka (laxa og bleikja samanlagt) fyrir árið 2017 þar sem sjá má að mestur fjöldi kviðpokaseiða er í mars, tæplega 1.200.000 stykki, og í ágúst, um 700.000 stykki. Hér telur Umhverfisstofnun að mælieining í mynd 1 hefði mátt vera í tonnum þar sem umfang starfseminar miðast við tonn af lífmassa á ári (framleiðslumagn) og á hverjum tíma (hámarks lífmassi) en ekki fjölda kviðpokaseiða.

Fram kemur í svari rekstraraðila að framleiðslan í dag miðar ekki við eiginlegar framleiðslulotur þar sem hrognaframboð er í dag nokkuð jafnt dreift yfir allt árið. Á mynd 2 er sýndur standandi lífmassi í tonnum fyrir núverandi 150 tonna ársframleiðslu auk 300 tonna áformaða ársframleiðslu. Þar má sjá að framleiðslumagn í stöðinni fer aldrei yfir 120 tonn á hverjum tíma (mest 116 tonn).

Fram kemur í greinargerð að losun fosfórs og köfnunarefnis frá eldisstöðinni á Núpum við framleiðsluaukningu er undir þeim mörkum sem sett verða í starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

### **Samlegðaráhrif**

Rekstraraðili sýnir samlegðaráhrif eldisins við önnur áform um stækkun í allt að 520 tonn á ári í töflu 1 þar sem gert er ráð fyrir því að aðrir framleiðendur á svæðinu séu að noti fóður af svipaðri næringarsamsetningu og með svipaðan fóðurstuðul. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þá umfjöllun greinargerðar.

### **Áhrif á viðtaka frárennslis**

Fram kemur í svari rekstraraðila að: „Iðntæknistofnun gerði að ósk rekstraraðila nokkuð viðamikla úttekt á efnalosun eldisins á Núpum og áhrif þess á viðtaka (Varmá/Þorleifslæk) á árunum 2005 og 2006“ og fylgdi sú skýrsla með viðbótarupplýsingum og eru niðurstöður hennar reifaðar í viðbótargreinargerð.

Þar kemur fram að styrkur lífrænna svifagna í viðtakanum Varmá/Þorleifslæk sé fyrir mjög hár eða um sexfaldur styrkur þess sem mældist í fráveituskurði frá eldinu, en lækki umtalsverð á ferð sinni um skurðinn, og út frá því sé óhætt að álykta að losun frá eldinu hafi engin áhrif á styrk svifagna í viðtakanum.

Umhverfisstofnun tekur fram að hún telur ekki rétt að skilgreina rennsli afallsvatns um skurði sem hreinsiaðferð sem verkar eins vel og ef frárennslið er síað í gegnum votlendi. Þar með skilgreinir Umhverfisstofnun mýrina hvorki sem viðtaka né upptökustað (hreinsunarstað) frárennslis heldur er Þorleifslækur álitinn viðtaki og skurðirnir sem renna í hann teljast til vatnasviðs hans eða söfnunarsvæðis. Hins vegar sýnir skýrslan frá 2006 að heildar styrkur fosfórs (TP) lækkaði töluvert á leið leið fráveituvatnsins um skurðinn sem gefur til kynna að hreinsun getur átt sér stað og hann virkað sem einskonar settjörn þar sem stærri svifagnir og fosfór falla út. Ályktun skýrsluhöfunda eru þau að áhrif seiðaeldisins á viðtaka séu hverfandi ef nokkur í tilviki fosfórs.

Styrkur COD-virkra efni (chemical oxygen demand) lækkar við rennsli í skurðum skv. skýrslu og helst það í hendur við útfall svifagna og er talið ljóst að seiðaeldið standi ekki fyrir nema örliðlu broti <5% þess lífræna efnis sem mælist í Þorleifslæk.

Munur á heildar styrk köfnunarefnis fyrir og eftir viðbót frárennslisins í skurðina mældist lítill og útfall þess minna í skurðunum skv. skýrslunni. Þó kemur fram í samantekt að áhrif á viðtaka sé einungis hugsanleg ummerki seiðaeldisins í köfnunarefni á viðtaka. En erfitt sé að greina hversu mikið af því sé komið til vegna útskolunar jarðvegs sem er mjög mikil á þessu svæði.

Þá er tekið fram að mælingar voru gerðar þegar komið var að losun settanks og því sé mjög líklega um ofmat losunar að ræða í skýrslunni. Engin ummerki frárennslis sé að finna í skurðunum og á það við um olíu og fitu einnig og þ.a.l. einnig í viðtaka. Þá er bent á að við aukna framleiðslu aukast vatnsnot, sem tryggir þynningu næringarefna. Rekstraraðili líkur samantekt með þeirri niðurstöðu að helstu áhrifin komi til með að felast í aukinni losun köfnunarefnis í viðtaka.

### **Vöktun**

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að sett verði upp ný vöktunaráætlun fyrir frárennsli við framleiðsluaukningu í samráði við stofnunina í

starfsleyfisgerð. Ef losun mælist yfir mörkum verður hægt að leiða frárennsli úr tromlusíu í auka settank og auka tíðni losunar (hreinsunar) á aðal settanki.

Rekstraraðili ráðfærði sig við fuglafræðing á Náttúrufræðistofnun Íslands vegna mögulegra áhrifa eldisins á blesgæs og skúm og var álitnið að þar sem þær verpa ekki í Ölfusforum heldur séu aðeins fargestir að ólíklegt sé að aukið álag á viðtaka (Varmá/Þorleifslæk/Ölfusá) valdi neikvæðum áhrif á búsvæði þessara fuglategunda. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við álit fuglafræðings um stöðu ofangreindra tegunda á svæðinu.

### Niðurstaða


Losun næringarefna, köfnunarefnis og fosfórs, frá Núpum, með tilheyrandi hreinsun með tromlum, er undir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi. Engin ummerki hafa enn komið fram sem benda til þess að álag á Ölfuforir eða á Anna sé of mikið við núverandi álag. En ljóst er að umrædd framleiðsluaukning er talsverð viðbót, þá sérstaklega í ljósi annarra framkvæmda á svæðinu sem einnig eru í stækkunarferli. Þar með er brýnt að vöktun á losun í viðtakan sé góð.

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að losun frá eldisstöðinni Núpum sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar er fyrirhuguð heildarlosun á svæðinu í viðtakann talsverð og mat á slíku lífrænu álagi liggur ekki fyrir. Ekki er ljóst hvernig rennsli eða hreinsun afallsvatns um skurði verður, sérstaklega þegar litið er til annarra framkvæmda auk losunar úr hreinsistöð frá þéttbýli. Umhverfisstofnun hefur heimild til að krefja rekstraraðila á svæðinu um slíka vöktun líkt og gert er við aðrar framkvæmdaraukningar á svæðinu. Telji stofnunin þörf á vöktun skal áætlun um vöktun ofangreindra þátta liggja fyrir að jafnaði við útgáfu starfsleyfis.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Steinar Rafn B. Baldursson  
Sérfræðingur